



# **Innri endurskoðunaráætlun 2022–2023**

## A-hluti borgarsjóðs

Febrúar 2022  
Innri endurskoðun og ráðgjöf

IE2110012



# Efnisyfirlit

|                                                                  |    |
|------------------------------------------------------------------|----|
| 1. Skrifstofa innri endurskoðunar og ráðgjafar                   | 4  |
| 2. Innri endurskoðun                                             | 6  |
| 3. Starfsemi innri endurskoðunar 2022                            | 7  |
| 4. Áhættumatslíkan                                               | 9  |
| 5. Endurskoðunarheimur A hluta Reykjavíkurborgar                 | 12 |
| 6. Endurskoðunaráætlun 2022–2023                                 | 15 |
| 7. Viðmælendur                                                   | 17 |
| 8. Stjórnskipulagslegt óhæði innri<br>endurskoðunar og ráðgjafar | 19 |


# 1. Skrifstofa innri endurskoðunar og ráðgjafar

Samkvæmt samþykkt borgarráðs dags. 11. júní 2020 sameinuðust embætti umboðsmanns borgarbúa og persónuverndarfulltrúa Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar og þannig varð til eftirlits- og ráðgjafareiningin Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) þar sem saman fer innri endurskoðun, ráðgjöf til borgarbúa og málefni persónuverndar. Ný samþykkt fyrir Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER) og innri endurskoðanda var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 15. júní 2021.

IER heyrir undir borgarráð og er innri endurskoðandi ráðinn af ráðinu að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar. Hlutverk skrifstofunnar er að veita stjórnendum faglega og óháða ráðgjöf, meta og gera úttektir á virkni áhættu-stýringar, innra eftirlits og stjórnarháttar Reykjavíkurborgar og einnig að veita ráðgjöf um persónuvernd, upplýsa, fylgjast með og sjá um önnur þau verkefni sem greinir í 39. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sbr. lög nr. 90/2018. Hlutverkið er jafnframt að leiðbeina íbúum í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á þeim hafi verið brotið. Einnig að fræða starfsmenn borgarinnar og leiðbeina þeim um mál sem tengjast hlutverki IER, þ. á m. um framkvæmd innra eftirlits, um persónuvernd og meginreglur stjórnsýslulaga. Auk framangreinds tekur Innri endurskoðun og ráðgjöf á móti gögnum og upplýsingum um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi og annast mál í samræmi við lög um vernd upplýstrara nr. 40/2020.



Skipulag á skrifstofu Innri endurskoðunar og ráðgjafar er með eftirfarandi hætti:



Mynd 1 – Skipulag Innri endurskoðunar og ráðgjafar



## 2. Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun og er hlutverkið að veita stjórn og stjórnendum Reykjavíkurborgar faglega og óháða ráðgjöf með það að markmiði að bæta rekstur og stjórnsýslu, meta árangur og bæta áhættustýringu.

Í alþjóðlegum stöðlum og siðareglum um innri endurskoðun (Stöðlunum) er innri endurskoðun skilgreind sem:

*Starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttar og stuðlar þannig að því að fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök nái markmiðum sínum.*



*Skilgreining Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda (IIA)*

Staðlarnir kveða á um að yfirmaður innri endurskoðunar skuli koma á áhættumiðaðri áætlun til að ákvarða forgangsöröðun verkefna innri endurskoðunar í samræmi við meginmarkmið fyrirtækisins. Staðlarnir kveða enn fremur á um að verkefnaáætlun innri endurskoðunar skuli gerð á grundvelli skjal-fests áhættumats. Í þessari skýrslu er fjallað um áhættumat IER og innri endurskoðunaráætlun A hluta fyrir árin 2022-2023. Lögð er áhersla á að veita endurskoðunarnefnd, kjörnum fulltrúum og stjórnendum innsýn í þá aðferða-fræði sem liggur til grundvallar verkefnavali og forsendum að baki innri endurskoðunaráætlunarinnar.

Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar hefur staðfest stjórnskipulagslegt óhæði Innri endurskoðunar og ráðgjafar, sbr. yfirlýsingu sem fylgir hér í kafla 8.




### 3. Starfsemi innri endurskoðunar 2022

Fjárhagsrammi IER fyrir fagsviðin þrjú, þ.e. persónuverndarfulltrúa, umboðsmann borgarbúa og innri endurskoðun nemur um 237 m.kr. árið 2022, þar af eru tekjur upp á 40 m.kr. vegna verksamninga um innri endurskoðun hjá félögum í B hluta borgarsjóðs.

Markmið fagsviðs innri endurskoðunar er að nýta að jafnaði 70% vinnustunda í úttektir, eftirfylgni og önnur verkefni á móti 30% sem fari í innra gæðastarf, fræðslu, endurmenntun, orlof, veikindi og annað. Miðað við núverandi fjölda stöðugilda er ráðgert að árlega sé hægt að setja um 6.400 vinnustundir í úttektir og eftirfylgni. Þær vinnustundir skiptast á milli A og B hluta borgarsjóðs og eru áætlaðar um 3.800 vinnustundir (60%) fari í verkefni fyrir A hluta á árinu 2022.

#### Áætluð útgjöld IER árið 2022



Á árinu er jafnframt fyrirhugað að ljúka endurskoðun gæðahandbókar IER og vinna í kjölfarið innra gæðamat í samræmi við IPPF staðal 1311. Ytra gæðamat skal framkvæma eigi sjaldnar en á fimm ára fresti samkvæmt stöðlunum og þar sem nú eru liðin fimm ár frá síðasta mati er stefnt að því að fá ytri aðila til að framkvæma ytra gæðamat á árinu 2023. Í þeirri yfirferð er lagt mat á fylgni IER við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun (*International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing*).

Starfsfólk sem sinnir innri endurskoðun eru átta í 7,7 stöðugildum:

---

**Arnar Freyr Guðmundsson**, verkefnastjóri í innri endurskoðun upplýsingakerfa

---

**Elfa Ingibergsdóttir**, verkefnastjóri í innri endurskoðun

---

**Guðjón Hlynur Guðmundsson**, verkefnastjóri í innri endurskoðun

---

**Hallur Símonarson**, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

---

**Ingunn Ólafsdóttir**, fagstjóri innri endurskoðunar

---

**Jenný Stefanía Jensdóttir**, verkefnastjóri í rannsóknarendurskoðun

---

**Sigrún Jóhannesdóttir**, lögfræðingur

---

**Viðar Kárasen**, verkefnastjóri í innri endurskoðun

---

## 4. Áhættumatslíkan

Innri endurskoðandi ber ábyrgð á gerð áhættugrundaðrar áætlunar um val og forgangs röðun verkefna til samræmis við meginmarkmið starfseminnar. Í starfsreglum IER er kveðið á um að endurskoðunaráætlun eigi að byggja á mati á áhættuþáttum í starfsemi borgarinnar, stofnunum og fyrirtækjum hennar.



Mynd 2 – Ákvörðunarferli við verkefnaval

Staðlarnir kveða á um að yfirmaður innri endurskoðunar skuli koma á áhættumiðaðri áætlun til að ákvarða forgangs röðun verkefna innri endurskoðunar í samræmi við meginmarkmið fyrirtækisins. Staðlarnir kveða enn fremur á um að verkefnaáætlun innri endurskoðunar skuli gerð á grundvelli skjalfests áhættumats. Í þessari skýrslu er fjallað um áhættumat IER og innri endurskoðunaráætlun A hluta fyrir árin 2022-2023. Lögð er áhersla á að veita endurskoðunarnefnd, kjörnum fulltrúum og stjórnendum innsýn í þá aðferðafræði sem liggur til grundvallar verkefnavali og forsendum að baki innri endurskoðunaráætlunarinnar.

Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar hefur staðfest stjórnskipulagslegt óhæði Innri endurskoðunar og ráðgjafar, sbr. yfirlýsingu sem fylgir hér í kafla 8.

### 1. Skilgreina endurskoðunarheim

Endurskoðanlegar einingar teljast vera allar starfseiningar, málaflokkar, verkefni, lykilferlar og -stefnur sem Innri endurskoðun og ráðgjöf getur framkvæmt úttektir á og eru þær 70 talsins í A hluta borgarsjóðs. Við skilgreiningu á einingum var leitast við að greina starfsemina niður í einingar sem hafa skilgreinda ábyrgðaraðila.

### 2. Mat á áhættu

Áhættu má skilgreina sem þá ógnun að einhver atburður eða aðgerð hafi áhrif á getu borgarinnar til þess að ná markmiðum sínum. Áhætta af rekstri er metin eðlislæg (e. inherent) áhætta og eftirstæð (e. residual) áhætta. Eðlislæga áhættu má skilgreina með ýmsu móti en gagnvart Reykjavíkurborg er stuðst við;

**a) fjárhagsáhættu (e. materiality) í formi heildarfjármagns sem rennur til einingar á skalanum 1, 2, 3, 4, 5**

| Fjárhagsáætlun (tekjur + gjöld) | Skor |
|---------------------------------|------|
| 0-499 m.kr.                     | 1    |
| 500–1.500 m.kr.                 | 2    |
| 1.501–3.999 m.kr.               | 3    |
| 4.000–10.000 m.kr.              | 4    |
| >= 10.001 m.kr.                 | 5    |

**b) viðkvæmni þjónustu (e. sensitivity) gagnvart viðskiptavinum í bland við orðsporsáhættu á skalanum 1, 3, 5**

| Lýsing                                                                                                                   | Skor |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| Lítill hættu á að notendur verði fyrir skaða, t.d. skrifstofuvinnu án samskipta við viðskiptavini eða ábyrgð á fjármálum | 1    |
| Möguleiki á líkamstjóni, vanlíðan einstaklings eða skerðingu á friðhelgi einkalífsins. Hætta á orðsporsskaða.            | 3    |
| Mikil hættu á líkamstjóni, vanlíðan einstaklings eða skerðingu á friðhelgi einkalífsins. Mikil hættu á orðsporsskaða.    | 5    |

**c) áhyggjur kjörinna fulltrúa, stjórnenda, starfsfólks og borgara (stakeholders concern) sem skilgreindar eru út frá ýmsum gögnum og viðtölum við lykilstjórnendur á skalanum 0, 3, 5**

| Lýsing                                                                   | Skor |
|--------------------------------------------------------------------------|------|
| Litlar eða engar áhyggjur af endurskoðunarlegu einingunni                | 1    |
| Áhyggjur af endurskoðunarlegu einingunni                                 | 3    |
| Miklar og rökstuddar áhyggjur stjórnenda af endurskoðunarlegu einingunni | 5    |

Áhættumat Innri endurskoðunar og ráðgjafar felst í því að meta eðlislægu áhættuna út frá efnislegri áhættu (e. material risk) annars vegar og hins vegar út frá því hversu viðkvæm (e. sensitivity) starfsemin er gagnvart þjónustuþegum eða starfsmönnum sem hana veita og áhyggjur hagsmunaaðila (e. stakeholders concern). Áhættuskor (e. risk factor) eðlislægrar áhættu er reiknuð með eftirfarandi hætti út frá skori hvers þáttar og vægi:

Vægi umfangs + viðkvæmni þjónustu + áhyggjur stjórnenda, starfsfólks og borgarbúa – eftirlitsumhverfi

### 3. Mat á eftirlitsumhverfinu

Eftirstæð áhætta endurskoðunarlegrar einingar fæst með því að draga hana frá eðlislægri áhættu í hlutfalli við styrkleika eftirlits eins og það er innan einingarinnar á hverjum tíma. Tekið er fram að aðeins er dregið frá vegna eftirlitsumhverfis þar sem þekking liggur fyrir á innra eftirliti.

| Lýsing                                                                                                                                                  | Frádráttur |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|
| Áhættu ekki stýrt, litlar eða engar upplýsingar til um eftirlitsaðgerðir. Miklar líkur á að áhættur raungerist.                                         | 0%         |
| Nokkuð gott eftirlit þar sem áhættum er stýrt en tækifæri eru til að gera betur og styrkja eftirlitið og þar með draga úr líkum á að áhætta raungerist. | 30%        |
| Sterkt eftirlit með litlum líkum á að áhættur raungerist, s.s. misferlisáhætta, orðsporsáhætta.                                                         | 50%        |

## 5. Endurskoðunarheimur A hluta Reykjavíkurborgar

| Svið/skrifstofa/verkefni/málaflokkur       | Eðlislæg áhætta/<br>Áhættuskor | Eftirstæð áhætta/<br>Áhættuskor |
|--------------------------------------------|--------------------------------|---------------------------------|
| <b>Eignasjóður</b>                         |                                |                                 |
| Eignaskrifstofa                            | ●                              | ●                               |
| Umhverfis- og skipulagssvið                | ●                              | ●                               |
| Verkefnastofa þróunarmála                  | ●                              | ●                               |
| <b>Fjármála- og áhættustýringarsvið</b>    |                                |                                 |
| Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa      | ●                              | ●                               |
| Innkaupaskrifstofa                         | ●                              | ●                               |
| Launaskrifstofa                            | ●                              | ●                               |
| Áætlana- og uppgjörsskrifstofa             | ●                              | ●                               |
| Skrifstofa áhættustýringar                 | ●                              | ●                               |
| Bókhaldsskrifstofa                         | ●                              | ●                               |
| Skrifstofa sviðsstjóra FAS                 | ●                              | ●                               |
| <b>Íþróttar- og tómstundasvið</b>          |                                |                                 |
| Sundlaugar                                 | ●                              | ●                               |
| Önnur starfsemi                            | ●                              | ●                               |
| Íþróttamál                                 | ●                              | ●                               |
| Skíðasvæði                                 | ●                              | ●                               |
| Styrkir                                    | ●                              | ●                               |
| Yfirstjórn ÍTR                             | ●                              | ●                               |
| <b>Lykilferli – þvert á starfsemi</b>      |                                |                                 |
| Aðfangaferli                               | ●                              | ●                               |
| Fjárfestingar- og fjárhagsáætlunarferli    | ●                              | ●                               |
| Tekjuferli (skatttekjur og jöfnunarsjóður) | ●                              | ●                               |
| Styrkir og samstarfssamningar              | ●                              | ●                               |
| Launaferli (laun og launatengd gjöld)      | ●                              | ●                               |
| Ráðningarferli                             | ●                              | ●                               |

| Svið/skrifstofa/verkefni/málaflokkur                  | Eðlislæg áhætta/<br>Áhættuskor | Eftirstæð áhætta/<br>Áhættuskor |
|-------------------------------------------------------|--------------------------------|---------------------------------|
| <b>Mannauðs- og starfsumhverfissvið</b>               |                                |                                 |
| Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis           | ●                              | ●                               |
| Skrifstofa ráðningar og mönnunar                      | ●                              | ●                               |
| Skrifstofa kjaramála                                  | ●                              | ●                               |
| Verkefnastofa starfsmats                              | ●                              | ●                               |
| Skrifstofa sviðsstjóra MOS                            | ●                              | ●                               |
| <b>Menningar- og ferðamálasvið</b>                    |                                |                                 |
| Listasafn Reykjavíkur                                 | ●                              | ●                               |
| Framlög, styrkir og samstarfssamningar                | ●                              | ●                               |
| Borgarbókasafn                                        | ●                              | ●                               |
| Borgarsögusafn                                        | ●                              | ●                               |
| Höfuðborgarstofa                                      | ●                              | ●                               |
| Sérverkefni og sameiginlegur kostnaður                | ●                              | ●                               |
| Skrifstofa sviðs                                      | ●                              | ●                               |
| Önnur menningarstarfsemi                              | ●                              | ●                               |
| <b>Miðlæg stjórnsýsla</b>                             |                                |                                 |
| Skrifstofa borgarstjórnar                             | ●                              | ●                               |
| Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara               | ●                              | ●                               |
| Borgarlögmaður                                        | ●                              | ●                               |
| Mannréttindaskrifstofa                                | ●                              | ●                               |
| <b>Skóla- og frístundasvið</b>                        |                                |                                 |
| Grunnskólar                                           | ●                              | ●                               |
| Sjálfstætt starfandi grunnskólar                      | ●                              | ●                               |
| Sjálfstætt starfandi leikskólar                       | ●                              | ●                               |
| Frístundamiðstöðvar                                   | ●                              | ●                               |
| Leikskólar                                            | ●                              | ●                               |
| Dagforeldrar                                          | ●                              | ●                               |
| Frístundaheimili, frístundaklúbbar og miðlæg verkefni | ●                              | ●                               |
| Listaskólar og skólahljómsveitir                      | ●                              | ●                               |
| Skrifstofa sviðsstjóra                                | ●                              | ●                               |
| Fullorðinfræðsla og framhaldsskólar                   | ●                              | ●                               |

| Svið/skrifstofa/verkefni/málaflokkur | Eðlislæg áhætta/<br>Áhættuskor | Eftirstæð áhætta/<br>Áhættuskor |
|--------------------------------------|--------------------------------|---------------------------------|
| <b>Umhverfis- og skipulagssvið</b>   |                                |                                 |
| Rekstur og umhirða borgarlands       | ●                              | ●                               |
| Framkvæmdir og viðhald mannvirkja    | ●                              | ●                               |
| Umhverfisgæði                        | ●                              | ●                               |
| Byggingafulltrúi                     | ●                              | ●                               |
| Heilbrigðiseftirlit                  | ●                              | ●                               |
| Skipulagsfulltrúi                    | ●                              | ●                               |
| Skrifstofa sviðsstjóra               | ●                              | ●                               |
| Samgöngustjóri og borgarhönnun       | ●                              | ●                               |
| <b>Velferðarsvið</b>                 |                                |                                 |
| Búsetuúrræði og húsnaðisstuðningur   | ●                              | ●                               |
| NPA fatlað fólk                      | ●                              | ●                               |
| Samningar og styrkir                 | ●                              | ●                               |
| Fjárhagsaðstoð                       | ●                              | ●                               |
| Heimaþjónusta                        | ●                              | ●                               |
| Hjúkrunarheimili                     | ●                              | ●                               |
| Stuðnings- og stoðþjónusta           | ●                              | ●                               |
| Barnavernd                           | ●                              | ●                               |
| Þjónustuíbúðir                       | ●                              | ●                               |
| Heimahjúkrun                         | ●                              | ●                               |
| Félagsmiðstöðvar og dagþjónusta      | ●                              | ●                               |
| Stjórnsýsla og annað                 | ●                              | ●                               |
| <b>Þjónustu- og nýsköpunarsvið</b>   |                                |                                 |
| Upplýsingatækniþjónusta              | ●                              | ●                               |
| Stafræn Reykjavík                    | ●                              | ●                               |
| Rekstrarþjónusta                     | ●                              | ●                               |
| Þjónustuhönnun og umbreyting         | ●                              | ●                               |
| Skrifstofa sviðsstjóra ÞON           | ●                              | ●                               |
| Borgarskjalasafn                     | ●                              | ●                               |
| Gagnaþjónusta                        | ●                              | ●                               |

## 6. Endurskoðunaráætlun 2022–2023

### Úttektir A hluta 2022–2023

Innra eftirlit, stjórnarhættir og áhættustýring

2022

| Úttektir                       | Svið    |
|--------------------------------|---------|
| Eftirlitsumhverfið             | MSS     |
| Netöryggi                      | ÞON     |
| Viðhald fasteigna              | FAS/USK |
| Innheimta tekna                | FAS     |
| Styrkir                        | MSS/MOF |
| Umhirða og rekstur borgarlands | USK     |
| Fjárhagsáætlunargerð           | VEL     |

| Eftirfylgni ábendinga                         | Svið |
|-----------------------------------------------|------|
| Afstemmingar undirkerfa Agresso (7)           | FAS  |
| Lotun gjalda og samþykktarferli reikninga (4) | FAS  |
| Uppgjörsferli Reykjavíkurborgar (1)           | FAS  |
| Ferðaheimildir og greiðsla ferðakostnaðar (4) | FAS  |
| Skráning safngripa og innra eftirlit (7)      | MOF  |
| Umsóknir og úthlutun sérst. búsetuúrræðis (4) | VEL  |
| Netöryggi (15)                                | ÞON  |
| Rekstrarsamfella (38)                         | ÞON  |
| Aðgangsstýringar (22)                         | ÞON  |

## 2023

| Úttektir                    | Svið        |
|-----------------------------|-------------|
| Áhættustýring               | FAS         |
| Stafræn umbreyting          | ÞON/VEL/USK |
| Mannauðsmál                 | MOS/SFS     |
| Eftirlit með fjárhagsáætlun | SFS         |
| Þjónustusamningar           | VEL         |
| Launaferill                 | FAS/ÍTR     |
| Eigna- og birgðaskráning    | USK         |
| Hverfið mitt 2023           | MSS         |

| Eftirfylgni ábendinga                     | Svið |
|-------------------------------------------|------|
| Umsýsla lóðamála (5)                      | FAS  |
| Bílastæðasjóður (8)                       | USK  |
| Verklegar framkvæmdir og innkaupamál (11) | USK  |
| Eftirlitsumhverfið 2022                   | MSS  |
| Verkferlar hjá Barnavernd (2)             | VEL  |
| Félagsleg heimaþjónusta (22)              | VEL  |
| Kaup á rekstrarvörum fyrir prentara (1)   | ÞON  |
| Innheimtumál eignasjóðs (9)               | FAS  |

## 7. Viðmælendur

Við gerð innri endurskoðunaráætlunar 2022-2023 áttu innri endurskoðandi og fagstjóri innri endurskoðunar samtöl við eftirfarandi aðila og eru þeim færðar góðar þakkir fyrir þeirra innlegg;

|                                                                      |
|----------------------------------------------------------------------|
| <b>Íþróttta- og tómstundasvið – ÍTR</b>                              |
| Ómar Einarsson, sviðsstjóri                                          |
| <b>Menningar- og ferðamálasvið – MOF</b>                             |
| Baldur Örn Arnarson, mannauðsstjóri MOF                              |
| Guðbrandur Benediktsson, forstöðumaður Borgarsögusafns               |
| Huld Ingimarsdóttir, skrifstofustjóri                                |
| Lína Petra Þórarinsdóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu            |
| María Rut Reynisdóttir, deildarstjóri                                |
| Ólöf Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur    |
| Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður                                |
| <b>Umhverfis- og skipulagssvið – USK</b>                             |
| Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri                                       |
| Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri                                      |
| <b>Skóla- og frístundasvið – SFS</b><br><i>framkvæmdastjórn SFS</i>  |
| Helgi Grímsson, sviðsstjóri                                          |
| Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra |
| Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu grunnskóla   |
| Guðrún Sigtryggisdóttir, lögfræðingur SFS                            |
| Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri SFS                              |
| Ólafur Brynjar Bjarkason, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskóla   |
| Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri SFS                      |
| Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu frístundar         |
| Unnur Lárusdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu sviðsstjóra           |

|                                                                         |
|-------------------------------------------------------------------------|
| <b>Velferðarsvið – VEL</b>                                              |
| Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri                                       |
| Agnes Sif Andrésdóttir, fjármálastjóri                                  |
| <b>Þjónustu- og nýsköpunarsvið – ÞON</b>                                |
| Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri                                          |
| Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustuhönnunar                 |
| Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu           |
| Inga Rós Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri gagnþjónustu                   |
| Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra       |
| Óskar Þór Þráinsson, skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar    |
| Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur             |
| <b>Mannauðs- og starfsumhverfissvið – MOS</b>                           |
| Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri                                     |
| Auður Björgvinsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu ráðninga og mönnunar |
| Ásta Bjarnadóttir, skrifstofustjóri starfsþróunar og starfsumhverfis    |
| Elín Blöndal, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra                   |
| Harpa Ólafsdóttir, skrifstofustjóri kjaramála                           |
| Rósa Björk Bergþórsdóttir, skrifstofustjóri starfsmats                  |
| <b>Fjármála- og áhættustýringarsvið – FAS</b>                           |
| Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri                                        |
| Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri                                     |
| <b>Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara</b>                          |
| Dagur B Eggertsson, borgarstjóri                                        |
| Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari                                      |

|                                                                                     |
|-------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Embætti borgarlögmanns</b>                                                       |
| <b>Ebba Schram</b> , borgarlögmaður                                                 |
| <b>Endurskoðunarnefnd</b>                                                           |
| <b>Lárus Finnbogason</b> , formaður endurskoðunarnefndar                            |
| <b>Borgarfulltrúar</b><br><i>aðalmenn í borgarráði og áheyrnarfulltrúar</i>         |
| <b>Alexandra Briem</b> , borgarfulltrúi Pírata og forseti borgarstjórnar            |
| <b>Dóra Björt Guðjónsdóttir</b> , borgarfulltrúi Pírata                             |
| <b>Heiða Björg Hilmisdóttir</b> , borgarfulltrúi Samfylkingar                       |
| <b>Hildur Björnsdóttir</b> , borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins                    |
| <b>Líf Magneudóttir</b> , borgarfulltrúi VG                                         |
| <b>Sanna Magdalena Mörtudóttir</b> , borgarfulltrúi Sósíalistaflokksins             |
| <b>Valgerður Sigurðardóttir</b> , borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins               |
| <b>Vigdís Hauksdóttir</b> , borgarfulltrúi Miðflokksins                             |
| <b>Þórdís Lóa Þórhallsdóttir</b> , borgarfulltrúi Viðreisnar og formaður borgarráðs |

## 8. Stjórnskipulagslegt óhæði innri endurskoðunar og ráðgjafar

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) er hluti af stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem samkvæmt skipuriti heyrir beint undir borgarráð. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnsýslu borgarinnar, þar með talið borgarstjóra. Lögð er áhersla á að starfsfólk IER sé hlutlaust í reynd og starfi óháð þeim rekstrareiningum sem þeir endurskoða. Slíkt er tryggt með stjórnskipulegri stöðu IER og að starfsfólk fylgi í sínum störfum alþjóðlegum ramma um innri endurskoðun sem Alþjóðasamtök innri endurskoðenda gefur út.

Allar starfseiningar og dótturfélög borgarsjóðs Reykjavíkurborgar falla undir starfssvið IER og hefur aðkomu að innri endurskoðun innan B hluta samstæðunnar í samræmi við stefnu borgarráðs og á grundvelli samkomulags við viðeigandi stjórnir dótturfélaga. Umfang Innri endurskoðunar markast af því fjármagni sem veitt er til starfseminnar.

IER ber ekki ábyrgð á innra eftirliti í starfseminni eða ábyrgð á innleiðingu þess en er hins vegar ráðgefandi gagnvart yfirstjórn um nýjar aðferðir við uppbyggingu innra eftirlits. Virkni innra eftirlits og áhættustýringar innan samstæðu Reykjavíkurborgar og A hluta borgarsjóðs er á ábyrgð borgarráðs og stjórnenda viðkomandi starfseininga. Virkni innra eftirlits og áhættustýringar fyrirtækja innan B hluta borgarsjóðs er á ábyrgð viðkomandi stjórna B hluta fyrirtækja og stjórnenda þeirra.

Til að ná fram markmiði IER hefur innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar:

- » ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfseminni svo sem eignum, starfsfólki, skýrslum, skrám og öðrum gögnum sem innri endurskoðandi telur nauðsynleg til að ná fram markmiðum endurskoðunarinnar, þ.m.t. upplýsingum hjá stjórnendum og fundargerðum stjórnar og nefnda.
- » heimild til að krefjast þess að allir starfsmenn og stjórnarmenn veiti þær upplýsingar og útskýringar, sem á þarf að halda, innan sanngjarns tíma.
- » óheft samskipti við þá, sem sinna ytri endurskoðun hjá A hluta borgarsjóðs og viðkomandi B hluta fyrirtæki.

Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar hefur beinar starfslegar boðleiðir til endurskoðunarnefndar, borgarráðs og eftir atvikum stjórnar viðkomandi B hluta fyrirtækis með eftirfarandi hætti:

- » Borgarstjórn afgreiðir samþykkt Innri endurskoðunar og ráðgjafar;
- » Endurskoðunarnefnd afgreiðir starfsreglur fyrir fagsvið innri endurskoðunar;
- » Endurskoðunarnefnd samþykkir áhættumiðaða innri endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar og ráðgjafar fyrir A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar og stjórnir B hluta fyrirtækja samþykkja innri endurskoðunaráætlun sem snýr að þeim;
- » Borgarráð samþykkir rekstraráætlun Innri endurskoðunar og ráðgjafar og þar með auðlindaáætlun að því er snýr að A hluta;
- » Endurskoðunarnefnd fær reglulega upplýsingar frá innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar og fagstjóra innri endurskoðunar um árangur fagsviðs innri endurskoðunar miðað við áætlun og önnur mál;
- » Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar gefur skýrslur beint til endurskoðunarnefndar og borgarráðs og æðstu stjórnenda
- » Innri endurskoðandi gegnir ekki öðrum störfum innan borgarinnar.
- » Borgarráð samþykkir ákvarðanir um skipun og brottvikningu innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar í samráði við endurskoðunarnefnd;
- » Endurskoðunarnefnd beinir viðeigandi fyrirspurnum til stjórnenda og innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar til að ákvarða hvort til staðar séu óviðeigandi takmarkanir á umfangi eða auðlindum.

Undirritaður staðfestir í samræmi við framangreint stjórnskipulegt óhæði Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar og þar með að Innri endurskoðun og ráðgjöf er laus við afskipti varðandi ákvörðun á umfangi innri endurskoðunar, framkvæmd verkefna og miðlun niðurstaðna.

Virðingarfyllt



Hallur Símonarson,  
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

